
































Trépullur í fjórum skrefum

Ein besta heilsubótin er að gera eitthvað fyrir sjálfan sig og enn betra ef það eykur á lífsgæðin. Draumurinn um fallegan pall getur verið ofarlega á óskalistanum og pallsmíði því orðin hluti af líkams- og hugarrækt vorsins. Hér er hugmynd að 24 m² palli sem er 4 x 6 metrar. Smíðin er útskýrð í 4 einföldum skrefum; undirbúningur, undirstöður og dregarar, lagning bita og frágangur klæðningar.


Skref 1, undirbúningur: Svæðið sem pallurinn á að þekja er merkt með snúrum strengdum í tréborð, sem fest er milli tveggja hæla. Því næst er grafin hola í um 30 sm dýpt fyrir neðan endanlega hæð pallsins en það er það pláss sem þarf til að grindin komist fyrir.

Skref 2, undirstöður og dregarar: Grafið er fyrir 90 sm löngum hólkum sem er komið fyrir með 2 m millibili. Þeir er fylltir með steypu og járnfestingar steypar niður í þá um leið. Dregarar 50 x 150 mm eru settir á steypuna og festir við járnfestinguna með boltum eða skrúfum. Bil milli dregara er hámark 2 m.

Skref 3, lagning bita: Bitarnir eru lagðir ofan á dregarana með hámark 0,5 m millibili og festir með pakásankerum, en það eru snúnar járnplötur sem hægt er að skrúfa eða negla við bæði bita og dregara.

Skref 4, lagning klæðningar og frágangur kantborðs: Klæðningin er svo skrúfuð eða negld niður með 5-10 mm bili á milli borða. Kantborðið er fest utan með til að mynda fallegan heildarsvip því annars væru ýmist hlið eða endi klæðningaborðanna sýnileg.

Við þennan pall má smíða skjólgirðingar og fasta bekkir og planta fallegum gróðri upp við hann. Oft eru það gróður og húsgögn sem eiga stóran þátt í að fullkomna heildarmyndina. (Grein úr Sumarhúsinu og garðinum 2011)





Teikningarnar í þessari bók eru unnar af Birni Jóhannssyni landslagsarkitekt hjá Urban Beat eftir ráðgjafarfund hjá BYKO. Þær eru útfærslur á því sem fram kom á þeim fundi. Tilgangurinn er að auðvelda viðskiptavinum BYKO ákvörðunartöku þegar kemur að hönnun og skipulagi trépalla, skjólgirðinga og annarra framkvæmda í garðinum. Teikningarnar eru í því stíli að hægt er að skoða verkefnið frá nokkrum hliðum. Þær eru málsettar en gert er ráð fyrir að verktaki og/eða garðeigandi aðlagi þær að staðnum þar sem grunngögn geta verið misnákvæm og hönnuður kemur ekki sjálfur á staðinn til þessa að mæla upp og meta aðstæður.

Björn hefur aðstoðað Íslendinga við hönnun garða sinna síðan 1991 og veitt viðskiptavinum BYKO ráðgjöf síðan árið 1999. Verkefnin eru margvísleg en taka alltaf mið af þörfum eigandans, aðstæðum á verkstað, byggingarstíl og tíðarandanum.

Sérhæfing Björns liggur í skjólmyndun og lausnum sem lengja þann tíma sem hægt er að nota útisvæði, en hann starfar hjá Urban Beat við hönnun garða, útivistarsvæða og ferðamannastaða. Ef nánari útfærslu er þörf má hafa samband við Björn beint, en hann tekur að sér hugmyndavinnu og heildarhönnun lóða.

*Björn Jóhannsson landslagsarkitekt
bjorn@urbanbeat.is*

www.urbanbeat.is